# Augnfjarlægingartíminn minn - vinnuhættir lyfjafyrirtækja



**Reynslusaga eftir Loisa Sasek: „var mér boðið af samfélagi lækna og yfirlækna, að fjarlægja vinstra augað mitt…“ Eftir margra mánaða hræðilega þjáningarsögu undir leiðsögn lyfjaiðnaðarins og lækna byrjaði hún að rannsaka og komst að einhverju ótrúlegu. Þar sem ekki er um að ræða einstakt tilfelli, skrásetti Loisa og tók upp reynslu sína. Uppljóstrarar halda engu aftur að sér. Þessi heimildarmynd færir sterk rök og haldgóðar heimildir sem færa í ljósið myrkraverk lyfjaiðnarins. ***Deilið þessu myndbandi til allra vina og kunningja*****

„Mér finnst ég stundum vera eins og svikari, á hinn bóginn finn ég þennan ótrúlega þrýsting í mér að segja ykkur frá öllu því sem ég hef upplifað undanfarin ár ...“

Hæ, ég heiti Loisa.
Ég elska líf mitt.
Á heitum sumardegi í júlí var mér boðið af samfélagi lækna og yfirlækna, að fjarlægja vinstra augað mitt.
Þetta símtal er viðbrögð alls læknasamfélagsins við því sem gerðist stuttu fyrr.

[Fyrir símtalið]
Við hvert þrepi sortnar mér næstum fyrir augum: „Gætir þú gengið aðeins hægar?“ spyr ég lækninn, sem flýtir sér inn í skoðunarherbergið á undan mér. „Eins og þú veist mátti ég hvorki borða né drekka í dag,“ en læknirinn heyrir ekki í mér og er þegar horfinn út um dyr. Tunga mín loðir við góminn. Ég er nýkominn úr þéttsetinni biðstofu fyrir aðgerð sem læknar skráðu í mig óspurða. Ég þurfti að mæta í þessa neyðaraðgerð snemma morguns á fastandi maga, þrjá tíma frá heimili mínu, þar sem læknarnir vildu ígræða gjafa-hornhimnu í vinstra auga. Enginn spurði mig hvort ég yfirhöfuð vildi það. Án þessarar aðgerðar ætti ég að glata vinstra auganu á mjög sársaukafullan hátt. Þegar ég segi „nei“ við aðgerðinni, kemur það prófessornum og lækninum alveg í opna skjöldu, og ákvörðun mín alls ekki tekin alvarlega - aðgerðin skyldi að fara fram. Á meðan yfirlæknirinn stendur upp og yfirgefur herbergið spyr ég hana: „Skiparðu mér að fara í þessa aðgerð?“ – á leiðinni að dyrunum og segir hún með bros á vör: „Já, ég skipa þér það.“ „Þakka þér, en ég hlýði ekki,“ svara ég vingjarnlegri röddu. Við það snýr prófessorinn sér stuttlega til aðstoðarlæknisins og bendir á miðann um samþykki aðgerðarinnar, að hann skuli að sjá til þess að ég undirriti hann. Það er ekkert á þessum miða sem bendir til þess að ég gæti blindast á vinstra auganu við þessa aðgerð, að sjáaldrið gæti frosið, að ég þyrfti að endurtaka þessa ígræðslu-aðgerð hið minnsta einu sinni eða tvisvar. Sú staðreynd að ég þarf að taka dropa og lyf gegn höfnun hornhimnunnar í óákveðinn tíma eftir aðgerðina er heldur ekki á miðanum né að mikil áhætta sé á höfnun hornhimnunnar vegna þess hve mjög auga mitt er bólgið. Það er stendur heldur ekki neitt á miðanum um að aðgerðin gæti leitt til blæðinga, sem ekki sé lengur hægt að stöðva né að meðan á aðgerðinni stendur geti verið ákveðið að fjarlægja aðra hluti úr auga mínu, svo sem lithimnuna eða sjónhimnuna. Þetta er annars sjónhimnan.
Ég hafði upplýst mig um þetta allt um helgina áður og sagði prófessornum frá þessu öllu.

Hún þurfti að staðfesta allt eða jafnvel taka ákveðnar í sumt.

Ungi aðstoðarlæknirinn talar við mig og reynir að sannfæra af mig öllum krafti og orðskrúði að fara í þessa aðgerð. Guð vilji að ég fari í þessa aðgerð - nákvæmlega það sama sem prófessorinn sagði fyrir nokkrum mínútum. Þegar allur sannfæringarkraftur hans nægði ekki til að ég skrifaði undir, segir hann að annars muni augað mitt úldna og maður þurfi að krafsa það úr tóttinni í erfiðri aðgerð. Ég finn fyrir svima.

„Flestir gera sér ekki grein fyrir því að lækningakerfi nútímans er algjörlega byggt upp á ótta… Þegar ég hugsa um hve lítið ég vissi í raun og hversu oft ég fékk sjúklinga með hræðslustýringu einni til þess að gera það sem að ég hélt að væri gott - ég má alls ekki hugsa um það - að ótti og peningar séu tvíburar ... “

[5 mánuðum fyrr]
Ég var að versla og heimilislæknirinn minn sá að augað mitt var rautt. Áhyggjufull sagði hún við mig í læknisfræðilegri ábyrgðartón og ögn álasandi, hvers vegna ég hafði ekki komið strax til hennar ... Hún keypti síðan augndropa í apóteki sem aðeins er hægt að fá með læknaskilríkjum. Ég sagði við lyfjafræðinginn og lækninn: „Hvað ef ég fæ aukaverkanir?“ Lyfjafræðingurinn hló bara: „Hafðu engar áhyggjur af því, þú ert með lækni með þér!“ En óróatilfinningin mín magnaðist þegar ég sá líka áletrunina „Novartis“ á lyfjunum.

[Til baka til bernsku minnar]
Dag hvern heyrðum við í útvarpinu hvað Novartis hafði skilað miklum hagnaði, svo ég spurði pabba minn: „Hvað er Novartis?“ Faðir minn útskýrði á einfaldan hátt að lyfjaiðnaðurinn ætti í raun ekki að græða peninga af sjúkdómum ... En þeir vilja selja sem flest lyf til þess að verða enn ríkari. En læknarnir og lyfjaiðnaðurinn ættu aðeins raunverulega að þéna peninga þegar fólk er orðið heilbrigt, eins og í Kína til forna! Eða eins og undir stjórn Gaddafis í blómstrandi Líbíu, þegar læknismeðferð var ókeypis.

Læknirinn virtist þó vera viss í sinni sök. Þrátt fyrir efasemdarspurningar og óróa, voru þó droparnir komnir í augað stuttu seinna.

Þegar skömmu eftir fyrstu notkun var ég kvalin af verkjum dag og nótt. Að ég sæi allt aðeins hvítt, „skyldi ég ekki að hafa áhyggjur af,“ sagði einn læknir. Stuttu síðar var ég innskráð á augndeildina sem bráðatilfelli. Eftir það hófst vítisdvölin af alvöru og aðeins viku eftir fyrstu heimsóknina hjá augnlækninum hafði ég mjög stórt og sársaukafullt sár á hornhimnunni. Núna var ástand mitt grafalvarlegt!

Níu mánuðum seinna hóf ég rannsókn og byrjaði á fyrsta lyfinu mínu.

[9 mánuðum síðar]
Ég fer á upplýsingasíðuna compendium.ch og smellti hjá lyfunum á „Áhætta“ - en þessi aðgerð er ekki aðgengileg fyrir sjúklinga. Svo ég prenta út tæknilegar upplýsingar. Athyglisvert, það er skógur upplýsinga! // Höfuðið á mér er að springa! Eftir nokkrar vikur á heilsugæslustöðvum og á læknaskrifstofum er ég í þörf fyrir að breyta um umhverfi // Upplýsingarnar um lyfið fylla heilar tíu A4 síður og á hvorki meira né minna en 8 af 10 blaðsíðum er lýst ótrúlegum fjölda aukaverkana. Ég les málsgrein á bls. 7:

„Að auki var tilkynnt um eftirfarandi aukaverkanir eftir markaðssetningu. Tíðni eftirfarandi

einkenna er ekki hægt að ákvarða með fyrirliggjandi gögnum: Augnasjúkdómar: Ulcerative Keratitis, móðusýn, ljósfælni, Mydriasis, Ptosis, augnverkir, augnbólgur, tilfinning um aðskotahlut í auga, ofnæmi í augum, aukið tárflæði. "

Allt í lagi, í fyrsta lagi hugsa ég við sjálfan mig: „Ágætt að hér séu nokkur skiljanleg orð - móðusýn, þrot í augum, augnbólgur, tilfinning um aðskotahlut í auga... Já, þú getur sætt þig við það, ekki satt? Hitt eru bara einhver hugtök.“ En ég skrifa orðið Ulcerative Keratitis á Wikipedia. Engar niðurstöður. Allt í lagi, þá er ég að leita að orðinu í tökuorðabókinni - Duden. Engin niðurstaða heldur! Ég fer á spurningasíðu sjúklings - DocCheckFlexikon. Það kemur á óvart að það eru engar nákvæmar niðurstöður fyrir Ulcerative Keratitis, rétt eins og í MSD Manual! Á þessu stigi myndirðu líklega hætta að leita að fleiru, þetta getur varla verið þess virði að minnast á, allt sem fellur undir flokk augnverkja eða eitthvað. En eftir þjáningarsögu mína stoppa ég ekki hér og set orðið inn á Google.

Með því að rannsókun sérfræðings fæ ég eftirfarandi skilgreiningu: „Þetta er alvarlegur augnsjúkdómur með bólgu og sáramyndun í hornhimnu.“ Mydriasis: „sjáaldrið frýs.“ Ptosis: „lafandi augnlok“, Augenhyperämie: „of mikið blóðflæði til augans, sem birtist í formi rauðs auga ». Þetta voru bara fyrstu þrjár línurnar. Nokkrum línum neðar les ég „Aðrar aukaverkanir“, en ég hef ekki áhuga á „höfuðverknum“, „augnþurrki“ og „kláða“, heldur á orðunum „Konjunktivitis “ og „ Erosion hjá Kornea “, sem þýðir „skráma á hornhimnu“ og „smitandi brárvökvabólga“ og að lokum eru „sýnilegir gallar“ taldir upp.

„Í áratugi hafa handlangarar lyfjafyrirtækjanna sagt okkur að því fleiri aukaverkanir sem lyf hafa, því betur virki það. Frá sjónarhóli nútímans get ég aðeins sagt: Hversu blindir erum við orðnir að við trúum enn svona vitleysu? Aukaverkanir eru ekki nauðsynlegt böl meðferðar, heldur eru þær hinar raunverulegu aðalverkanir. Að auki þjóna þau þeim tilgangi að þú þarft annað hvort enn fleiri lyf eða þú nærð þér ekki eins fljótt. Fullkomin uppsett eilífðarvél þar sem virkilega er hægt að þéna peninga. “

Síðan er minnst á aðrar aukaverkanir: Keratitis - bólga í hornhimnu, Glaukom – gláka, leiðir til sjónskerðingar, exophthalmos – augnsteinninn lostnar frá augntóttinni, Kornea-Perforation, sem þýðir að hornhimnan er orðin svo slitin þannig að það leiðir til holu á hornhimnunni, sem leiðir til taps á auga nema að gefin sé ný hornhimna. „Bildung eines posterioren, subkapsulären Katarakts.“ Það þýðir: linsan í auga verður ógagnsæ, sem veldur sjónskerðingu, sjá starblinda.

Hér væri hægt að lesa áfram út átta af tíu blaðsíðum með öllum hugsanlegum afleiðingum, svo sem Stevens-Johnson heilkenninu, sem tilkynnt var sem aukaverkun eftir markaðssetningu þessa lyfs. Það stendur meira að segja hreinlega á fylgiseðlinum!

Ég gat ekki ímyndað mér að slík lyf með svona hræðilegum áhrifum gætu einfaldlega komið á markað ... Svo ég tók viðtal við einstakling sem hefur tekið þátt í krabbameinsrannsóknum í yfir 18 ár og framkvæmir margar klínískar rannsóknir. Ég spurði þennan innherja um ferlið við að koma lyfi á markað:
Til að læknir geti gefið lyf þarf hann að fá samþykki viðkomandi ráðuneytis. Því fer lyf í gegnum klínískar rannsóknir. Það sem fólk ekki veit er að lyfjafyrirtækið sem fann upp lyfið framkvæmir líka sjálfa klínísku rannsóknina. Þ.e.a.s. lyfjafyrirtækið ákveður í hvaða löndum rannsóknin verður framkvæmd, á hvaða heilsugæslustöðvum og læknisstofum, hvaða læknar taka þátt í rannsóknunum og ákvarðar mælipunkta rannsóknarinnar. Í lokin getur

lyfjafyrirtækið einnig lagt mat á rannsóknargögnin sjálf.
Þannig getur hver og einn svarað fyrir sig spurningunni um hversu hlutlæg eða áreiðanleg gögn slíkra klínískra rannsókna séu, með hliðsjón af því að lyfjafyrirtækin eru eingöngu hagnaðarmiðuð fyrirtæki.

Loisa: Þá segirðu eiginlega sem innherji að lyfjafyrirtækin hafi eingöngu áhuga á hagnaði?

Já!

Á síðu 8 las ég að lyfið seinki lækningarferlinu og deyfi ónæmiskerfi líkamans gegn sýkingum. Á síðu 3 stendur að það hægi á lækningu Kornea - þ.e.a.s. hornhimnu - og læknunarraskanir geti aukist. Einmitt þetta kom fyrir hjá mér.

Hér sérð þú einnig vandamál læknisfræðinnar í dag: Næstum allar meðferðir hindra þetta viðgerðargangverk í stað þess að styðja það. Hvort heldur sýklalyf, kortisón, verkja- og svefntöflur, róandi lyf eða efnameðferð.“

[9 mánuðum áður]
Eftir að hafa lesið þessar níu A4 blaðsíður (!) um aukaverkanir er ég ekki lengur hissa á því að ég hafi verið kvalinn af verkjum dag og nótt fljótlega eftir notkun lyfsins. Hvernig ég sá bara allt matthvítt og að helreiðin á augnlæknastofunni ásamt öllum viðbótarlyfjum byrjaði virkilega. Það kemur mér ekki lengur á óvart að ég var með mjög stórt og sársaukafullt sár á hornhimnunni aðeins viku eftir fyrstu heimsóknina til augnlæknisins.

Vitnisburður geislalæknisins Dr. med. Gerd Reuther, tilvitnun: „Við lok 30 starfsára minna er sannfæringin eiginlega sú að ég yrði að segja: 90% læknisfræði gerir meiri skaða en gagn og þegar maður sér það, verður maður á einhvern tímann að skipta um lið.“ Samkvæmt opinberum rannsóknum látast um það bil 300.000 manns ár hvert í Þýskalandi af völdum lyfja, sjúkrahússýkinga og aðgerða, eins og Dr. med. Gerd Reuther segir: Samkvæmt sérfræðingi með kennsluréttindi fyrir geislalækningar eru „lyf algengasta dánarorsökin.“ Bandaríkin hafa tengt þrjár milljónir dauðsfalla við lyf á undanförum 27 árum. Í Þýskalandi deyja 240.000 manns á ári af völdum lyfjameðferða, um það bil 700 á dag. Samkvæmt tryggingafélaginu AOK deyja um það bil fimm falt fleiri á ári af völdum meðferðarmistaka en vegna umferðaóhappa. (Staða 2014). Samkvæmt sjúkratryggingunum er fjöldi meðferðamistaka enn hærri, 720.000 á ári. Og 700 dauðsföll árlega í Þýskalandi vegna þess að læknar gleyma hlutum í maga fólks á skurðstofum!  Einn af hverjum sjö Þjóðverjum lítur á sig sem fórnarlömb rangrar læknismeðferðar.

Vanlíðan, sársauki og eymd næstu mánaða eru ótrúleg. Alls voru 21 mismunandi lyf notuð. Samt versnaði mér sífellt uns ég var sett á sjúkrahús og fékk dropa í augað á mér hvern dag og hverja nótt á 15 mínútna fresti. Ég þjáðist sem væri í vítislogum á hverju degi og á næturnar gat ég ekki hreyft mig vegna þess að sérhver augnhreyfing meiddi mig óendanlega. Svo það eina sem fyrir mér lá var að liggja hreyfingarlaus í rúminu.

„Lyfjaiðnaðurinn sem veltir mörgum milljörðum, vill að þú verðir veikur og haldist veikur svo að þú glatist ekki sem ábatasamur kúnni. Í bestu tilfellum (fyrir lyfjafyrirtækin en ekki þig!) næst ævilangur samningur “. Og þannig eru aðeins einkenni sjúkdómsins deyfð með lyfjum en ekki tekist á raunverulegum kjarna vandans. Niðurstaðan: Fólk verður veikara og kassar lyfjafyrirtækjanna fyllri. » Dr. Karsten Lindner lífefnafræðingur

Um morguninn þegar ég fékk augndropapyntingar á spítalanum með stuttu millibili, greindi útvarpið frá því að lyfjafyrirtækið Alcon - dótturfyrirtæki Novartis - hafi selt um €1,8 milljarða við lok fyrsta ársfjórðungs 2019 á eingöngu þremur mánuðum. Hversu mörg augu þurfa að veikjast að þú getir fengið 1.800 milljónir dollara í arð? Og verð á hlutabréfum í Alcon hækkaði einnig um 12% sl. mánuð! Jafnvel sá sem ekki þekkir söguna mína, verður að spyrja sig hvort það séu einhverjar vísbendingar að í lyfjum frá Novartis og nú Alcon sé eitthvað sem valdi keðjuverkunum í augnvandamálum. Vel á minnst, yfirlæknir á augndeild þénar milli 800.000 og 1 milljón CHF á ári. Augnsjúkdómur minn einn kostaði samtals 15.000 CHF. En sjúkratryggingafélagið greiddi aðeins 5.800 franka.
En iðgjöld sjúkratrygginga hækka á hverju ári ... Fyrir 100 árum greiddi hver og einn svissneskur borgari mánaðarlegt iðgjald af 2-6 frönkum - og fólk var heilbrigt. Í dag borgar hann yfir 400 franka á mánuði og fólkið er veikara en nokkru sinni fyrr. Það þýðir kostnaðar hækkun um 11.000% síðan 1919. Samkvæmt Lancet rannsókn eru 95% jarðarbúa veikir! Annar hver Þjóðverji fær krabbamein á lífsleiðinni! Þeim sem hafa fleiri en 10 veikindi fjölgaði um 52 % frá 1990 til 2013. 19. hver maður á jörðinni átti við heilsufarslegt vandamál að stríða árið 2013. Vísindamennirnir í Lancet rannsókninni sem mátu 35.000 heimildir frá 188 löndum, sáu einnig umtalsverða aukningu á sjúkdómum af völdum lyfja ...

Aftur að eigin keðjuverkunum: ástand augnanna versnaði meira og meira, svo að einn daginn bað ég læknana um að fá að hætta að taka þessi lyf vegna þess hve ég þjáðist af áhrifum þessara lyfja. En þeir voru eins og grjót, sýndu engin viðbrögð og svöruðu mér ekki vegna þess að þeir héldu rígfast við nýju greininguna „sníkjudýr í auga“, sem engin sannanir voru fyrir, þrátt fyrir mjög sársaukafullar prófanir. Lyfjunum var einfaldlega hellt áfram í augað á mér uns augað mitt var snjóhvítt að innan og skærrautt að utan og ég gat ekki séð neitt annað en svarta bletti. Í þessum áfanga var meira að segja notað lyf sem var bannað í Sviss, sem ætti að stöðva strax eftir tvo daga ef engin sýnileg framför væri - eins og ég síðar rannsakaði. En hjá mér voru þessum dropum hellt í augað á mér í reglubundnum takti í fjórar vikur, með sýnilegri hnignun! Í heildina féll ég fjórum sinnum í yfirlið við þessa sársaukafullu meðferð og við skoðanir á augnsárunum.

„Tekur þú eftir því að nútíma læknisfræði getur aldrei tapað í þessu kerfi? Ef við tökum lyf í dag og verðum heilbrigð aftur, voru það lyfin sem hjálpuðu okkur. Ef við verðum veik eða jafnvel veikari þrátt fyrir lyfin, þá er sjúkdómurinn sterkari:
Óháð því hvort þú ert heilbrigður eða verður veikur: það er alltaf ÞÉR að kenna og aldrei lyfinu.“
„Hinir virkilega voldugu elska í gruninn að búa til kerfi þar sem þeir vinna alltaf, alveg sama hvað gerist.“

Í fyrsta skipti á ævinni fannst mér ég vera föst í sértrúarsöfnuði sem ég gat ekki brotist út úr. Fyrsta merki mitt um óánægju breytti læknunum líkt og í stein. Mér leið eins og ég væri fyrir framan stóran klett og gat hvergi hreyft hann. Hinn stöðugt vaxandi lyfjafjöldi og augndropar sem þeir gáfu mér veittu mér óendanlega sársauka, þjáningu og svefnleysi. Og í þessu ástandi varð ég að mæta á fastandi maga í líffæraígræðsluaðgerð, þrátt fyrir 2½ tíma fjarlægð frá heimili mínu.

Ákvörðun mín er skýr, ef Guð vill að augað mitt rotni í lifandi líkama mínum, eins og læknirinn spáði fyrir, þá vildi ég falla í hendur Guðs og taka hinu illa jafn og hinu góða úr hans hendi. En ég vil ekki lengur falla í hendur lækna- og lyfjaiðnaðarins. Þegar læknirinn tekur eftir því

að ákvörðun mín er óhagganleg grípur hann til símans. Síðan yfirgefur hann herbergið. Ég kemst að því að á þeirri stundu að hann skilgreindi mig sem geðveika - og þá fór ég strax af spítalanum. Þegar ég kom heim hætti ég að taka alla dropana og lyfin. Nokkrum dögum seinna las móðir mín á fylgiseðli lyfsins sem ég hafði þurfti að taka daglega í nokkurn tíma, að nákvæmlega þessi lyf ásamt fyrirhugaðri svæfingu gætu leitt til óbætanlegs tjóns. Í því gríðarlega líkamlega veikburða ástandi sem ég var í vegna veikinda hefði ég líklega ekki einu sinni lifað af.

„Það sem ekki eingöngu stjórnmálamenn hafa ekki skilið, er sú staðreynd, að læknisfræði er alls engin vísindi.“

Loisa: Þú hefur starfað við heilsugæslu síðan 2001 og verið 15 ár á skurðstofu. Hvað hefur þú upplifað?

Skömmu eftir aldamótin 2000 var greiðslu á sjúkrahúsum breytt. Þess vegna er ekki neinn yfirlæknir lengur þar sem sú staða er ekki bundin við fjölda meðferða sem veittar eru. Praktískt þýðir það að ef ákv. fjöldi skurðaðgerða næst ekki á árinu er yfirlækninum sagt upp. Það er líka algengt að greiða bónusa til að skapa betri hvata. Þetta þýðir að ef þér tekst að fjölga skurðaðgerðum verða bónusar greiddir. Í reynd virðist það þá vera mun meira aðlaðandi að sjúkdómsgreina svo að vísbendingar séu um þörf á skurðaðgerð. Aldrei hafa verið gerðar fleiri aðgerðir en nú.

Þegar Olivier kom í uppskurðarmaskínuna var hann enn of ungur til að taka ákvarðanir sjálfur ... Hann fæddist með sjónskerðingu. Fjölmargar svæfingar, sársaukafullar skoðanir og aðgerðir leiddu til þess að vinstra auga hans eyðilagðist og sjóngeta hans er aðeins 5% í hægra auga síðan í barnæsku. Eftir þessar misheppnuðu aðgerðir, vildu læknarnir næst gera tilraunir á hægra auganu en móðir hans neitaði frekari meðferð. Fram til þessa dags leyfir Olivier læknum ekki lengur að koma nálægt augum sínum.

Að sögn fann augnlæknir mögulegt ský á auga í vinstra auga hins eins árs gamla Davíd og fjarlægðu augastein hans með samþykki foreldra hans. En eftir að hann var fjarlægður setti læknirinn ekki inn nýjan augnstein þar sem augnvöðvarnir voru ekki nógu sterkir. Núna er David 5 ára og hefur hræðilega lélega sjón – amblyopia (letiauga) - á vinstra auga. Augnvöðvarnir eru enn of veikburða - hvernig gat hann æft þá án augasteins?
Þessi kona varð blind á meðan aðgerð stóð. Læknirinn orðaði þetta svona:

„Auðvitað eru læknar ekki slæmt fólk, bara af því að þeir lækna ekki. Þeir skilja bara ekki að þeir eru fangar og misnotaðir af kerfi, sem þeir flestir vita ekki einu sinni að sé til… “

Hvað gerðist síðan hjá mér eftir að ég hafði valið rotnandi auga og yfirgaf sjúkrahúsið? Nokkrum dögum eftir að ég hætti að taka öll lyf gat ég loksins opnað augun aftur áreynslulaust.  nokkrum dögum áður þurftu tveir aðstoðarmenn læknanana að opna augnlokin mín með pinnum til að taka mynd. Sýkingin er horfin úr auganu, ákaflega sársaukafullt ljósnæmið er horfið, fyrir nokkrum dögum blindaði kertaljós mig eins og rýtingur. Bólgan hjá augnlokinu hefur hjaðnað, sýkingin gengið til baka.  Í stað þess að augað rotni þá er það loksins allt hvítt aftur eins og áður, svörtu blettirnir í sjóninni eru horfnir, sem og stjarnan fyrir miðju sem fylgdi alls staðar hvert sem ég leit. Sjónin verður sífellt betri. Sársaukinn er farinn, jafnvel matarlystin sem ég hef ekki haft í langan tíma er komin. Augngljáinn hefur líka snúið til baka. Augað mitt er aftur á venjulegan hátt vætt af augnlokinu,

án hjálpartækja og það rennur ekki stöðugt úr því. En það sem mér finnst skemmtilegast af öllu: Ég er frjáls manneskja !!!

Og nákvæmlega núna - um það bil 10 dögum eftir að ég hætti við aðgerðina og hætti að taka öll lyf - núna er ég beðinn af öllu læknissamfélaginu um að koma á augndeildina til að láta fjarlægja vinstra augað. Annars myndi þetta sníkjudýr ekki aðeins éta upp vinstra auga mitt, heldur einnig hægra augað. Ég fékk taugaáfall ...
Vegna yfirnáttúrulegs kraftaverks læknast ég á stuttum tíma.

Nokkrum mánuðum eftir þessar miklu þrautir sem ég leið, rekst ég á fólk sem hefur haft svipaða reynslu af lyfjum og ég verð að segja frá! Bæði saga mín og þeirra ættu þó ekki að kalla til eftirbreytni, heldur til umhugsunar um kerfið - um skuggastjórnendur efst í lyfjageiranum ... Hún á að vera hvatning til umhugsunar um fjárstreymið. Já, við erum öll t.d. mjög þakklát t.d. bráðaskurðstofur og frábæran árangur nútímatækni. Hversu þakklát erum við fyrir kærleiksríka læknar sem sjá um okkur þegar við þurfum á því að halda. Við verðum samt að skoða dýpra, hvað stendur virkilega á bak við lyfjakerfið. Ég legg áherslu á það aftur: Sérhver manneskja er einstök og verður að taka sínar eigin ákvarðanir.

Læknarnir sögðu: Martin gæti gleymt auga sínu. En eftir margra mánaða vonlausar þjáningar, aðgerðir og fjórar vikur á sjúkrahúsinu hætti hann að taka öll lyf - og til undrunar allra lækna læknaðist augað á einni viku. Martin sér betur í dag en áður.

Læknarnir gáfu upp vonina fyrir Victoria að ekki væri lengur hægt að bjarga auga hennar. Það var eitt risastórt sár. En hún trúði ekki læknunum. Þá læknaðist allt og hún lítur nú mjög vel út.

Þegar Martina neitaði að nota svo lítið sem einn dropa af lyfjameðferð, spáði yfirlæknirinn á húðsjúkdómadeildinni að hún þyrfti að lifa með lífshættulegan sjálfsofnæmissjúkdóm næstu 40 árin. Það þýðir nokkur hundruð hræðilega klæjandi vökvabólur sem springa stöðugt – á stærð við baun yfir í mandarínustærð - sem dreifast um allan líkamann að iljum. Martina læknaðist af þessu hræðilegu líkamsútbrotum á nokkrum mánuðum án nokkurra lyfja og hefur verið heilbrigt í mörg ár.

„Þarna úti geisar stríð um hvern sjúkling vegna þess að lyfjaiðnaðurinn er stærsta tekjulindin sem til er í heiminum. Til samanburðar eru bíla- og tölvuiðnaðurinn í mesta lagi lítil undirdeild og þegar kemur að krabbameini, hafa meðferðir sem fela í sér lítinn kostnað ENGA MÖGULEIKA.“

Við ómskoðun greindist Christine með marga hnúta í brjóstum . Læknirinn vildi skrá hana strax í aðgerð til að fjarlægja hnútana. Hún ákvað hins vegar að fara annan veg þar sem hún sjálf fann skref fyrir skref hver leið lækningar hennar væri. Eftir 3 ár fannst ekki einn einasti hnútur við ómskoðun.

Waltraud hefur í 12 ár verið læknuð af kviðarholskrabbameini án læknisaðstoðar. Hún fylgdi kennslu byggð á náttúrulögmálum sem hafa verið fordæmd og ofsótt af lyfjageiranum, læknum og fjölmiðlum.

Ég spyr lækni með yfir 15 ára starfsreynslu hvers vegna engar náttúrulegar aðferðir við krabbameinslækningar séu rannsakaðar og notaðar:

Staðreyndin er sú að krabbamein er nú önnur algengasta dánarorsökin, á eftir hjarta- og æðasjúkdómum. Margir eru forritaðir af fjölmiðlum: Krabbameinsgreining - ég gæti dáið úr því. Um leið og þeir fá þessa greiningu snúa þeir sér til læknis fullir ótta og eru tilbúnir til að fá nánast hvaða meðferð sem er, oftast lyfjameðferð eða geislameðferð. Vandinn við val á meðferð er fjárhagslegur hvati fyrir lækninn, læknastofuna og einnig lyfjageirann!
Lyfjameðferð getur kostað allt að €20.000 /3.1millj Íkr. á hverja vökvagjöf . Með fjórum vökvagjöfum greiðir sjúkratryggingafélagið samtals 80.000 evrur/12.5 millj Íkr. fyrir meðhöndlun á einum sjúklingi. Frá efnahagslegu sjónarmiði er þetta mjög hagkvæmt fyrir lækninn, heilsugæslustöðina og lyfjaiðnaðinn.

Loisa: Ég skil ...

Það eru ýmsar náttúrulegar aðferðir til að lækna krabbamein. En vegna skorts á fjárhagslegum hvata og hversu ómögulegt er að fá einkaleyfi á plöntur eru þær ekki rannsakaðar, heldur bundnar á klafa, gerðar ótrúverðugar og jafnvel skoplegar.

Loisa: Sorglegt ...

Eins svarar mér manneskja sem hefur tekið þátt í krabbameinsrannsóknum í 18 ár og tekið þátt í óteljandi öðrum rannsóknum:

Við skulum taka eitt virkt efnið: Ipilimumab gegn sortuæxli. Eftir stærð og þyngd sjúklingsins kostar ein vökvagjöf um 10.000 €/1.5 millj Íkr.
Þú getur séð að baráttan gegn krabbameini er mjög ábatasöm viðskipti. Við höfum mikið net krabbameinsrannsókna um allan heim, frá rannsóknarstofum til klínískra rannsókna. Það hafa verið fleiri en 60 ný krabbameinslyf sett á markaðinn undanfarin tíu ár. Ef markmiðið væri að vinna bug á krabbameini væru þeir að vinna að krafti að skilvirkum, ódýrum meðferðum, aðgengilegum og hagkvæmum fyrir alla.
Loisa: O.k. eins og hvaða meðferðir?

Ég hef tekið þátt í yfir 80 klínískum rannsóknum á ellefu árum. En í engri rannsóknanna voru gerðar samanburðarannsóknir á nýja lyfinu frá lyfjafyrirtækinu og t.d. á öðru náttúrulyfi, þótt náttúrulækningar hafi oft minni aukaverkanir og séu ódýrari. Það eru engar slíkar rannsóknir. Það er álitið siðlaust ef maður myndi t.d. gera samanburðarannsókn á lyfjameðferð og náttúrulyfjum. Eðlilega hefur ekkert lyfjafyrirtæki áhuga á slíku og þau fjármagna aðallega klínískar rannsóknir. Lítið dæmi: Læknir í Þýskalandi sem tókst með góðum árangri að meðhöndla krabbameinssjúklinga með náttúrulækningameðferð þurfti að flýja lögreglu út um glugga á stofu sinni vegna þess að það átti að setja hann á lokaða geðdeild.
Svona er hægt auðvitað hægt að slökkva á óæskilegri samkeppni ...

Loisa: Já ...

Læknarnir sögðu Sabine að hún yrði að hefja lyfjameðferð strax vegna krabbameins í legi. En eiginmaður hennar og hún neituðu þessari meðferð í trausti til Guðs. Gegn öllum horfum læknanna varð Sabine ólétt af fyrstu af fjórum heilbrigðu dætunum og er enn fullkomlega heilbrigð fram á þennan dag.

Læknir sagði að Margot gæti ekki eignast börn. Hún trúði honum ekki og fæddi tvö heilbrigð

börn sem þegar eru fullorðin. Annar læknir sagði henni fyrir mörgum árum að hún yrði líklega heyrnarlaus. Margot trúði þessum heldur ekki og heyrir enn vel í dag.

Eingöngu hjartaígræðsla gat bjargað Danilo, sögðu læknarnir. Þessum hefðbundnu lækningum hafnaði Danilo staðfastur. Hann komst að sjálfri orsök hjartasjúkdómsins og síðan þá hefur heilsufar hans batnað stöðugt.
Innherji sem hefur unnið á skurðstofu í 15 ár gefur mér innsýn inn í ígræðslu-verksmiðjuna:

Virtur yfirlæknir, þekktur fyrir algerlega einráðan leiðtogastíl, boðaði nýverið „fyrirbyggjandi inngrip", þ.e.a.s. að í vissum tilvikum væri einnig t.d. nauðsynlegt að fjarlægja hluta þarmanna jafnvel áður en krabbamein væri greint – að fordæmi leikkonunar þekktu Angelinu Jolie. Sem varúðarráðstöfun lét hún fjarlægja brjóst, eggjaleiðara og eggjastokka vegna þess að hún væri að sögn í áhættuhópi að fá krabbamein vegna gena hennar. Henni var líka hrósað fyrir þessi inngrip sem hugrakkri konu og er fyrir vikið enn meiri fyrirmynd.

Barnið hennar Franzisku er dáið í móðirkviði segir læknirinn. Þar sem hún var samt ekki viss var dagsetningu fyrir útsköfun frestað. Mánuði síðar sýndi ómskoðun að barnið væri á lífi og hún fæddi fullkomlega heilbrigða dóttur. Að sögn breska dagblaðsins Daily Mail er í Bretlandi einu hundruðum barnshafandi kvenna í ómskoðun ranglega sagt að fóstrið þeirra sé látið.

Samkvæmt læknunum átti þessi unga kona Lydia hugsanlega að fæðast með klofinn hrygg eða með Downs heilkenni ef henni yrði ekki eytt sem fóstri. Hér er hún stálhraust, 22 ára.

Til stóð að eyða Salome því samkvæmt hjartalækninum myndi hún nánast örugglega fæðast þroskaheft og aðeins lifa nokkrar klukkustundir eftir fæðingu. Salome fæddist án þroskahömlunar. Hún er hraust ung kona og er sem stendur í námi.

Stefanie braut á sér vinstri ökkla og hnéskel. Vegna útbrota í húð, mars og stöðugra yfirliða, ákvað Stefanie að hætta að taka inn fyrirskipaðar sprautur gegn blóðtappa og verkjalyfin. Vegna þessa gerði heimilislæknirinn henni ljóst með vísun í dæmi af skelfilegum afleiðingum að ákvörðun hennar væri ábyrgðarlaus og gæti verið banvæn fyrir konur á hennar aldri og heilsufarsástandi. Stefanie stóð þó við ákvörðun sína. Brot hennar læknuðust án fylgikvilla. Þrátt fyrir læknisfræðilegt mat að Stefanie yrði ævilangt þjáð af draugaverkjum er hún rúmum 6 vikum seinna farin að stunda íþróttir - og það án eftirkasta í kjölfar brotsins.

„Allur lyfjaiðnaðurinn með sín sífelldu inngrip á einn eða annan hátt, útilokar í öllum tilvikum það sem þú getur byggt upp jákvætt í sjálfum þér. Að þú getur sjálfur haft áhrif á þessi uppbyggingarferli. Hjá þeim þarf alltaf eitthvað lyf að bætast við sem þú borgar síðan dýru verði, þar sem þeir hafa þig í taumi, þar sem þú getur virkilega ef mögulegt er, orðið sjúklingur lífið langt."

Loisa: Þú hefur unnið í heilbrigðisgeiranum í 44 ár. Hvaða reynslu hefur þú öðlast?

Mikil breyting hefur orðið á heilbrigðisgeiranum síðan á tíunda áratugnum. Þegar ég byrjaði að vinna var áherslan á líðan sjúklingsins. Áður fyrr hafði maður tíma til að tala við sjúklinga en nú á dögum ertu heldur upptekinn við að fylla út eyðublöð. Sjúklingurinn er málsnúmer sem færir sjúkrahúsinu ákveðna upphæð. Oft eru veikir sjúklingar útskrifaðir of snemma vegna þess að spítalinn hagnast ekki lengur á honum. Auðvitað þjást sjúklingarnir mikið fyrir

þetta.
Fólkið verður sífellt veikara og óánægðara, veikindatíðni eykst og starfsfólki fækkar. Hagsmunagæslumenn og stjórnmálamenn sitja við sama borð og eru innstilltir á hagnaði, það er sífellt vaxandi glæpur gegn mannkyninu og enginn grípur inn í! Gamlar safnaðarsystur og nunnur myndu snúast í gröfinni í dag!

Eftir að ég hef rekist á allar þessar átakanlegu staðreyndir og sögur geng ég mjög oft í náttúrunni og melti öll þessi hughrif ... En sérstaklega nýt ég vinstra augans míns. Stundum loka ég hægra auga og horfi bara með vinstra auga. Ég gleðst alltaf yfir því að ég afþakkaði tímann minn þar sem fjarlægja átti augað mitt og að ég hafi brotist út úr niðurrifsspíral lyflækninganna. Því miður heyri ég af örlögum óteljandi fólks sem geta ekki lengur brotist úr þessum spíral því það er orðið of seint ...

Marisa hefur verið þroskaheft frá bólusetningum lyfjaiðnaðarins. Þar áður var hún mjög hraust og náði 10 af 10 mögulegum stigum í ungbarnaprófinu.

„Sami hlutur gerðist með Stefen og með Billy,
einnig með Michaelu, dóttur Marc og með Temple.
Líka hjá henni.“

„Hún fékk tvö 5 mínútna flog eftir bólusetninguna. Bóluefnið olli miklum heilaskaða hjá henni og hún fékk flog á hverjum degi allt sítt líf uns hún lést í örmum móður sinnar aðeins 15 ára gömul. “

Tilkynnt hefa verið og skjalfest 250.000 önnur slík mál.

„Bólusetning er 30 milljarða dollara viðskipti fyrir lyfjaiðnaðinn og bóluefnaframleiðendur. Líkt og sígarettu-, olíu- og efnaiðnaðurinn starfar lyfjaiðnaðurinn eftir aðgerðaráætlunum að fá sýndarvísindi birt opinberlega og útiloka þá tegund vísinda sem stofna hagnaði þeirra í hættu.“ Robert Francis Kennedy jr., Bandarískur lögfræðingur, þriðja barn Roberts F. Kennedy ( Express –Zeitung /svissnenskt fréttablað)

Meira en nokkru sinni, sé ég hversu brýnt sjálfboðaliðastarf mitt á Kla.TV er, þessum óháða fréttamiðli sem færir öllum þessum bældu upplýsingum til fólksins. Fjölmiðlar ofsækja okkur hins vegar harkalega og kljúfa oft verðmætustu starfsmennina frá okkur ... Þetta olli líka augnsýkingu minni, því að við urðum að berjast allt að þrisvar í viku á næturvöktum til að verjast versta róburði fjölmiðlanna og töpuðum samtímis verðmætustu starfsmönnum og -konum ...
En núna er ég mjög ánægð að geta snúið aftur til starfa minna sem framleiðslustjóri Panorama-Film og Kla.TV.  Faðir minn Ivo Sasek stofnaði þennan fjölmiðil til að birta kæfðar upplýsingar af því tagi sem fjölmiðlar birta ekki.  Einkum lygar og rangar fjölmiðlaupplýsingar sem hafa til dæmis hrundið af stað ótal styrjöldum og drepið margar milljón manna. Á örfáum árum óx stöðin upp í milljóna áhorf, frá 212 löndum. Kla.TV rekur 170 stúdíó um allan heim á 53 tungumálum. Nú þegar hafa verið send út rúmlega 15.000 útsendingar, framleiddar af hundruðum sjálfboðaliða. Eftir að mér batnaði og skoðaði útsendingarnar sem voru gerðar í fjarveru minni, rakst ég á þessa sögu:

Það gerðist 4. febrúar 1985. Það var hádegi. Við vorum heima. Hádegisverður var á borðinu, við biðum eftir því að hann kæmi heim og hann kom ekki. Einhvern tímann hringdi vinur hans

á dyrabjöllu og sagði okkur að skólataska Christians lægi á götunni og að honum hafi verið flogið í læknaskólann í Hannover. Og svo keyrðum við þrjú í þangað.
Við skiptumst á að vera við rúmið hans Christians. Christian lá þar ber að ofan og leit út fyrir að vera í djúpum svefni.
Það voru fullt af skjám við rúmið hans. Honum var gefinn vökvi í æð.
Christian var alls ekki mikið slasaður. Hann hafði reyndar sár á enninu og einn eða tveir skurðir í kinnbeinunum og skurður á vörinni, annars hafði hann engin frekari meiðsli á höfðinu. Hann var fótbrotinn en önnur meiðsli hafði hann ekki. Og þá kom til okkar læknir sem ég hafði þegar séð á bráðamóttökunni, þessi upplifun er eins og innprentuð í mig: mjög afslappaður, mjög sjálfsöruggur, með sloppinn opinn og sagði við okkur: „Jæja, ég ætla að segja þér, Christian er dáinn og við munum biðja þig um líffæragjöf rétt strax, kollegi minn ræðir það við ykkur.

„Það er ekkert sem heitir heiladauði; það er uppfinning ígræðslulækninga. “ Dr. Franko Rest, þýskur siðfræðingur og stuðningsmaður feigra.

